

Aðalfundur FNS 29.04.2016

Fundarstjóri: Magnea Ingólfssdóttir

Mættir: 27 félagsmenn

1. Skýrsla stjórnar

Ingibjörg Kristinsdóttir formaður FNS fór yfir skýrslu stjórnar (sjá Ársskýrslu 2016 á heimasíðu FNS).

2. Ársreikningur félagsins

Soffía Valdimarsdóttir, gjaldkeri FNS fór yfir ársreikninga félagsins.

3. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga félagsins

Ábending barst stjórn varðandi stefnumótunarskýrsluna. Fundarmaður taldi mikilvæg að auk þess að hafa samband við Mennta- og menningarmálaráðuneytið þá yrði einnig haft samband við Velferðarráðuneytið. Ingibjörg staðfesti að haft verði samband við öll þau ráðuneyti sem stóðu að skýrslunni.

Félagsmenn lýstu yfir ánægju með að félagið hafi afskipti af þeim stofnunum sem ráða einstaklinga í störf náms- og starfsráðgjafa sem ekki hafa leyfisbréf. Bent var á að hafa mætti afskipti af grunnskólum í Reykjavík þar sem einhver áhöld eru um að allir sem þar eru starfandi séu menntaðir náms- og starfsráðgjafar. Stjórnin þakkaði ábendinguna og vinnur áfram að þessum málum.

Spurt var út í ráðstefnu IAEVG í Madrid í nóvember og hvort félagsmenn fái frekari upplýsingar um hana. Unnur sagði frá því að unnið er að tilboði til félagsmanna í ferð á ráðstefnuna. Margrét nefndi að FNS sé aðili að IAVEG og því borgi félagsmenn gjald á ráðstefnuna skv. því. Allar nánari upplýsingar verða sendar félagsmönnum þegar þær liggja fyrir.

Spurt var út í Facebooksíðu félagsins og hverjir eru þar inni. Stjórnin þarf að skoða hvert upphaflegt markmið síðunnar hafi verið.

4. Nefndarstörf

Engin mál voru tekin upp undir þessum lið.

5. Umræður og afgreiðsla mála

Tekið fyrir undir liðnum önnur mál.

6. Kosning í stjórn, fræðslunefnd, fagráð og aðrar nefndir

Magnea fundarstjóri fór yfir breytingar á stjórnnum og nefndum. Fulltrúar í stjórn og nefndum FNS árið 2016-2017 eru eftirfarandi.

Stjórn:

Ingibjörg Kristinsdóttir, Unnur Símonardóttir, Soffía Valdimarsdóttir, Margrét Björk Arnardóttir, Þuríður Ósk Sigurjónsdóttir, Helga Tryggvadóttir og Kristín Birna Jónasdóttir.

Fræðslunefnd:

Ragnhildur Ísleifs Ólafsdóttir, Bjarney Sif Ægisdóttir, Hjördís Gestsdóttir, Greta Jessen, Henný Sigurjónsdóttir.

Fagráð:

Grunnskóli: Elísabet Pétursdóttir, Þuríður Lilja Rósenbergsdóttir og einn úr stjórn. Framhaldsskóli: Unnur Símonardóttir og Svanhildur Svavarsdóttir. Hér vantar einn.

Háskóli: Helga Helgadóttir og Gréta Matthíasdóttir.

Atvinnulíf: Ingibjörg Kristinsdóttir, María Jónsdóttir og Anna Lóa Ólafsdóttir.

Siðanefnd:

Ingibjörg Kristinsdóttir, Ásta Gunnlaug Briem, Jónína Kárdal og Edda Björk Viðarsdóttir.

Kjaranefnd:

Grunnskóli: Berglind Gunnarsdóttir. Hér vantar einn.

Framhaldsskóli: Ásdís Birgisdóttir og Hildur Halla Gylfadóttir

Háskóli: Hildur Katrín Rafnsdóttir. Hér vantar einn.

Atvinnulíf: Ingibjörg Ebba Björnsdóttir og Ketill Jósefsson.

Fulltrúi norræns samstarfs:

Margrét Björk Arnardóttir.

Upplýsinga- og kynningarnefnd:

Margrét Björk Arnardóttir, Álfríður Eiríksdóttir, Ester Þorsteinsdóttir, Hrönn Baldursdóttir og Ásdís Lovísa Grétarsdóttir.

7. Lagabreytingar

Stjórn FNS gerir tillögur að eftirfarandi lagabreytingum.

4. gr. B.

VAR: Félagsmenn geta áfram verið fullgildir félagsmenn eftir starfslok en þó án gjaldskyldu.

VERÐUR: Við 67 ára aldur fellur félagsgjald niður en félagsmenn geta áfram verið

fullgildir meðlimir.

12. gr.

VAR: Fulltrúi FNS í norrænu samstarfi. Hlutverk fulltrúa er að mæta á fundi hjá stjórn félagsins og upplýsa félagsmenn um það sem er á döfinni hverju sinni. Fulltrúa ber einnig að upplýsa stjórn Norrænu samtakanna um starfsemi FNS.

VERÐUR: Æskilegt er að fulltrúi FNS í norrænu samstarfi sitji í stjórn félagsins. Hlutverk fulltrúa er að upplýsa félagsmenn um það sem er á döfinni hverju sinni. Honum ber einnig að upplýsa stjórn Norrænu samtakanna um starfsemi FNS.

12. gr. frh.

VAR: Upplýsinga- og samskiptanefnd skal jafnan starfrækt í FNS. Hlutverk hennar er að hafa umsjón með heimasíðu félagsins og hvetja félagsmenn til þess að birta þar efni er tengist störfum náms- og starfsráðgjafa í víðu samhengi. Hún skal einnig hvetja til þess að náms- og starfsráðgjafar kynni störf sín sem víðast svo auka megi skilning almennings á eðli og umfangi náms- og starfsráðgjafar.

VERÐUR: Upplýsinga- og kynningarnefnd skal jafnan starfrækt í FNS. Hlutverk hennar er að hafa umsjón með heimasíðu félagsins og hvetja félagsmenn til þess að birta þar efni er tengist störfum náms- og starfsráðgjafa. Hún skal einnig hvetja til og koma að hvers kyns markaðs- og kynningarmálum félagsins með það að leiðarsljósi að auka skilning almennings á eðli og umfangi náms- og starfsráðgjafar.

Lagabreytingar bornar upp og samþykktar samhljóða.

8. Önnur mál

Stéttarfélagsmál

Helga Tryggvadóttir fór yfir stéttarfélagsmál. Í máli hennar kom fram að á aðalfundi 2014 var borin upp tillaga um að skipuð yrði stöðunefnd sem kanna skyldi möguleika félagsmanna í Félagi náms- og starfsráðgjafa hvað varðar aðild að stéttarfélögum og/eða stofnun eigin stéttarfélags. Markmið með stofnun nefndarinnar var að innan tveggja ára lægju fyrir kostir félagsmanna hvað varðar aðild að stéttarfélögum. Átti nefndin að taka afstöðu til kostanna og mæla með einum umfram aðra. Helstu hlutverk nefndarinnar áttu að vera að kanna stöðu félagsmanna með því t.d. að bera saman kjör, starfsaðstæður og fleira sem skiptir máli eftir stéttarfélögum, kanna lagalega stöðu, t.d. hvað varðar lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna, gera skoðanakönnun/stöðukönnun meðal félagsmanna og kanna hvaða möguleikar væru í boði.

Helga var formaður nefndarinnar en auk hennar sitja í nefndinni tveir úr stjórn FNS, einn frá hverju skólastigi og tveir úr atvinnulífinu. Af ýmsum ástæðum lá starf nefndarinnar niðri um skeið en undanfarið hafa þær Helga og Ingibjörg formaður átt marga fundi bæði með Capacent, KÍ og BHM um málið og þá möguleika sem eru í stöðunni.

Helga greindi frá að þessi vinna hafi reynst víðtækari en nefndin taldi í upphafi. Bráðlega verður send út könnun þar sem kynntir verða mismunandi möguleikar til stéttarfélagasáildar. Gefst félagsmönnum þannig tækifæri til forgangsröðunar þessara möguleika. Í framhaldinu mun nefndin vinna með niðurstöður könnunarinnar í samstarfi við Capacent og að því loknu kynna fyrir félagsmönnum.

Nokkrar umræður sköpuðust um þetta og bentu fundarmenn m.a. á að sumir vinnuveitendur geri kröfu á að starfsfólkið sé í ákveðnu stéttarfélagi. Félagsmenn voru að lokum hvattir til að taka þátt í könnuninni þegar hún berst.

Ályktun aðalfundar Félags náms- og starfsráðgjafa

Ingibjörg Kristinsdóttir fór yfir greinargerð stjórnar varðandi stefnumótun í náms- og starfsráðgjöf. Greinargerðin er svohljóðandi:

Mennta- og menningarmálaráðuneytið skipaði starfshóp í maí 2014, um stefnumótun í náms- og starfsráðgjöf. Í starfshópnum sátu fulltrúar mennta- og menningarmálaráðuneytis, velferðarráðuneytis, atvinnu- og nýsköpunarráðuneytis og Félags náms- og starfsráðgjafa. Formaður starfshóps var Guðrún Birna Kjartansdóttir og var verkefnið unnið í samstarfi við Capacent.

Hlutverk starfshópsins var að gera tillögur að framtíðarsýn, stefnu og aðgerðum fyrir náms- og starfsráðgjöf í samstarfi við hagsmunaaðila. Stuðst var við vinnu og greiningar sem unnar höfðu verið fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið síðustu ár og við vinnu sérfræðinga í náms- og starfsráðgjöf í Evrópu, European Lifelong Guidance Policy Network (elgpn.eu) sem Ísland tók virkan þátt í.

Grunni að stefnu var skilað til mennta- og menningarmálaráðuneytisins vorið 2015. Þar er lögð áhersla á fimm þætti:

1. Náms- og starfsráðgjöf alla ævi
2. Mótun starfsferils alla ævi
3. Aðgengi að náms- og starfsráðgjöf
4. Uppbyggingu og þróun þjónustunnar
5. Samstarf

Við hvern þátt eru helstu markmið talin upp og leiðir til að ná þeim markmiðum. Einnig eru taldir upp helstu ábyrgðar- og samstarfsaðilar. Áhersla er lögð á verkefni eins og náms- og starfsfræðslu sem mikilvægt tæki í baráttu við brotthvarf, uppbyggingu vefgáttar um nám og

störf, aukið samstarf skóla og atvinnulífs, uppbyggingu og þróun náms- og starfsráðgjafar alla ævi, skýrara starfssvið og bætt starfsumhverfi náms- og starfsráðgjafa í skólakerfinu, endurmenntun, eflingu rannsókna og fleira.

Því miður hefur ekki verið unnið markvisst með stefnuna eftir að skýrslunni var skilað til mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Félag náms- og starfsráðgjafa telur tímabært að taka forystuna um málið og hefur óskað eftir fundi með mennta- og menningarmálaráðherra um hvernig nýta eigi þá vinnu og niðurstöður sem koma fram í grunni að stefnu í náms- og starfsráðgjöf.

Næsta skref er að búa til samstarfsvettvang sem hefði umboð til aðgerða og uppbyggingar. Þar væri hægt að nýta stefnuna og fjölbreytta útgáfu ELGPN til að efla náms- og starfsráðgjöf á Íslandi.

Í kjölfarið las Ingibjörg upp svohljóðandi ályktun:

Aðalfundur Félags náms- og starfsráðgjafa gerir alvarlegar athugasemdir við að vinna við stefnumótun í faginu hafi legið niðri í rúmt ár. Fundurinn leggur áherslu á alvarleika þess að margra ára vinna, samstarf hagsmunaaðila og rannsóknir sé virt að vettugi og ekki byggt á þeim góða grunni sem unnið hefur verið að síðustu ár. Skýrsla sem starfshópur um þróun náms- og starfsráðgjafar skilaði af sér til Mennta- og menningarmálaráðuneytisins í maí 2015 hefur enn ekki fengið efnislega umfjöllun og úrvinnslu. Það er dapurlegt að ítrekað er talað, ritað og rætt um mikilvægi náms- og starfsráðgjafar, t.d. sem lið í að sporna við brotthvarfi úr námi, en lítið sem ekkert er gert til að efla þjónustuna af þeim sem valdið hafa. Við hvetjum yfirvöld menntamála til að klára þessa vinnu hið snarasta og lýsir félagið sig reiðubúið til samstarfs.

Ályktunin var borin upp til samþykktar og samþykkt samhljóða. Stjórn FNS var falið að ljúka við ályktunina og koma henni til þeirra aðila sem um ræðir.

Viðurkenningar

Ingibjörg Kristinsdóttir veitti viðurkenningar þeim félagsmönnum sem gengu úr nefndum og ráðum.

Veitingar og spjall

Fundarstjóri sleit fundi kl. 16.30. Var félagsmönnum boðið að þiggja veitingar að loknum fundi og taka þátt í vorfagnaði félagsins.

Fundarritari var Margrét Björk Arnardóttir.